

Þriðjudaginn 29. september 1992.

Nr. 375/1991. **Kaupfélagið Fram**

gegn

Sigurgeiri Sigmundssyni,

Fanneyju Vilbergsdóttur og

Gísla Haraldssyni.

Kærumál. Uppboð. Skuldaröð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Hjörtur Torfason og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. september 1991. Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið nú meðferð kærumála.

Af hálfu sóknaraðila er þess krafist, að „frumvarp uppboðshaldarans í Hafnarfirði, dags. 20. 12. 1990, að úthlutunargerð uppboðsandvirðis fasteignarinnar Breiðvangs 64 B, Hafnarfirði, er seld var á nauðungaruppboði 30. október 1990, verði lagt óbreytt til grundvallar úthlutun uppboðsandvirðis“. Þá er krafist málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilinn Sigurgeir Sigmundsson krefst staðfestingar úrskurðar uppboðshaldara og málskostnaðar í héraði svo og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilarnir Fanney Vilbergsdóttir og Gísli Haraldsson krefjast hins sama.

Af greinargerðum þeim, sem lagðar hafa verið fyrir Hæstarétt, verður ráðið, að ekki sé ágreiningur milli aðila um fjárhæðir eða vexti.

Með tilvísun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilum kærumálskostnað, eins og segir í dómsorði. Við ákvörðun hans hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Kaupfélagið Fram, greiði varnaraðilanum Sigurgeiri Sigmundssyni 40.000 krónur í kærumálskostnað.

Þá greiði sóknaraðili varnaraðilunum Fanneyju Vilbergsdóttur og Gísla Haraldssyni óskipt 40.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður uppboðsréttar Hafnarfjarðar 16. ágúst 1991.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 30. maí 1991 að loknum munnlegum málflutningi. Sóknaraðili málsins, Sigurgeir Sigmundsson, kt. 230957-7469, Laufvangi 3, Hafnarfirði, gerir þær kröfur, að kröfu sinni verði úrskurðað sæti í röð skv. úthlutunargerð uppboðsandvirðis fasteignarinnar Breiðvangs 64 B, Hafnarfirði, á undan aðfararveðhöfum, er gert hafa aðför í réttindum kaupanda eignarinnar, eða nánar tiltekið, að staða sín verði á 14. t.l. í úthlutunargerð, næst á eftir veðskuldarbréfi Landsbanka v/Samvinnubankans á 7. veðrétti, en næst á undan fjárnámi JH-Sandsölu á 8. veðrétti. Verði honum þar með úthlutað af uppboðsandvirði áður nefndrar eignar 584.765 kr. auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. nóvember 1990 til greiðsludags svo og málskostnaðar skv. gjaldskrá lögmannafélags Íslands, er beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir uppkvaðningu úrskurðar til greiðsludags. Þá er krafist 24,5% virðisaukaskatts af málflutningsþóknun, þar sem sóknaraðili sé ekki virðisaukaskatts-skyldur aðili skv. ákvæðum laga nr. 50/1988.

Varnaraðilinn Kaupfélagið Fram, kt. 560169-1599, Hafnarbraut 2, Neskaupstað, gerir þær réttarkröfur, að frumvarp uppboðshaldara, dags. 20. 12. 1991, að úthlutunargerð uppboðsandvirðis fasteignarinnar Breiðvangs 64 B, Hafnarfirði, verði lagt óbreytt til grundvallar úthlutunar uppboðsandvirðis. Jafnframt krefst hann málskostnaðar úr hendi sóknaraðila skv. mati réttarins, sem beri dráttarvexti með höfuðstólsuppfærslu skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppkvaðningu úrskurðar til greiðsludags.

Varnaraðilarnir Gísli Haraldsson, kt. 270148-3369, og Fanney Vilbergsdóttir, kt. 180749-2259, bæði til heimilis að Breiðvangi 64 B, Hafnarfirði, gera þær kröfur, að frumvarp, dags. 20. 12. 1990, að úthlutunargerð uppboðsandvirðis verði lagt óbreytt til grundvallar úthlutunar uppboðsandvirðis, þ. e., að gerð sé krafa um sýknu af öllum kröfum sóknaraðila. Jafnframt gera þau kröfu um málskostnað úr hendi sóknaraðila að mati réttarins með

hliðsjón af gjaldskrá Lögmannafélaga Íslands að viðbættum virðisauka-skatti skv. lögum 50/1988, þar sem varnaraðilar séu ekki virðisauka-skattsskyldir.

Leitað hefur verið sátta í málinu, en án árangurs.

Málavextir eru þeir, að sóknaraðili reisti parhús á lóðinni nr. 64 við Breiðvang í Hafnarfirði. Hinn 29. mars 1988 var gerður kaupsamningur milli sóknaraðila og varnaraðilanna Gísla Haraldssonar og Fanneyjar Vilbergsdóttur. Umsamið kaupverð var 5.000.000 kr., sem skyldi greiða þannig skv. kaupsamningnum, að við undirritun kaupsamnings skyldi greiða 500.000 kr., 20.10. 1987 500.000 kr., 15. 11. 1987 200.000 kr., 15. 12. 1987 400.000 kr., 15. 1. 1988 400.000 kr., 15. 2 1988 1.000.000 kr., þ. e. við afhendingu, 15. 4. 1988 250.000 kr., 15. 6. 1988 250.000 kr., 15. 8. 1988 250.000 kr. og 15. 10. 1988 250.000 kr. Útborgunargreiðslur voru samtals að upphæð 4.000.000 kr. og skyldi greiða inn á ávísunarreikning nr. 5726 við Útvegsbanka Íslands í Hafnarfirði.

Kaupsamningi þessum var þinglýst 6. 5. 1988 og fékk litranr. A-784/88.

Greiðslan, sem inna átti af hendi 15. 8. 1988, að upphæð 250.000 kr., var greidd með víxli, út gefnum 20. júlí 1988 af sóknaraðila, en samþykktum til greiðslu af varnaraðila Gísla Haraldssyni. Gjaldldagi víxilsins var 15. 8. 1988, þ.e. sami gjaldldagi og inna átti kaupsamningsgreiðsluna af hendi. Gefin var út greiðslukvittun í tilefni þessa, sem er svohljóðandi: „Í dag hefur Gísli Haraldsson greitt undirrituðum vegna kaupsamnings Breiðvangs 26. B, pr. pr. 15. ág. 1988, tvö hundruð og fimmtíu þúsund krónur, sem hér kvittast fyrir. Dags. 20/7 '88. Sigurgeir Sigmundsson. Greiðsluform með víxli pr. 15. 8. 1988“. Augljós misritun er á tilgreindu húsnúmeri í kvittuninni, þar sem í stað 26 B á að standa 64 B. Víxill þennan notaði sóknaraðili til efniskaupa hjá BYKO hf. Víxillinn greiddist ekki á gjalddaga, og samþykkti varnaraðilinn Gísli Haraldsson nýjan víxill 16. 11. 1988, að upphæð 287.065 kr., með gjalddaga 16. 12. 1988 til greiðslu á fyrri víxli, en auk höfuðstóls, 250.000 kr., voru á lagðir vextir 29.000 kr. og kostnaður 8.065 kr., samtals 287.065 kr. Sóknaraðili var útgefandi þess víxils eins og hins fyrri.

Víxill þessi fékkst ekki heldur greiddur á gjalddaga og var falinn lög-mönnum BYKO hf. til innheimtu. Lögmenn BYKO hf. stefndu með áskorunarstefnu, útg. 20. 10 1989, varnaraðila Gísla Haraldssyni og sóknar-aðila til greiðslu in solidum á andvirði víxilsins auk dráttarvaxta og máls-kostnaðar. Áskorunarstefnan var árituð, og var fjárnám gert fyrir kröfunni 27. 2. 1990 í réttindum varnaraðila Gísla Haraldssonar til fasteignarinnar Breiðvangs 64, Hafnarfirði, skv. kaupsamningi við Sigurgeir Sigmundsson, Laufvangi 3, Hafnarfirði. Fjárnámsendurritinu var síðan þinglýst 27. 2. 1990 á 11. veðrétt.

Nú bar svo við, að með beiðni, dags. 25. 4. 1989, óskaði Útvegsbanki Íslands eftir nauðungaruppbóði á fasteigninni, og var uppbóðið auglýst í 89. tbl., 95. tbl. og 99. tbl. Lögbirtingablaðsins. Fyrsta fyrirtaka málsins var 8. 9. 1989, en í þeirri fyrirtöku var málinu frestað til 6. 10. 1989, þá aftur frestað til 3. 11. 1989 og þá enn frestað til 8. 12. 1989, en í þeirri fyrirtöku var ákveðin fyrri sala 22. 2. 1990. Sú sala fór fram, og var ákveðin önnur og síðari sala 7. 5. 1990. Þeirri sölu var frestað til 3. 7. 1990, þá aftur til 2. 10. 1990. Önnur og síðari sala fór síðan fram 2. 10. 1990, og var ákveðið, að þriðja og síðasta nauðungaruppbóð skyldi fara fram 30. 10. 1990 á eigninni sjálfri kl. 16.00. Þá höfðu fleiri aðilar bæst í hópinn með uppboðsbeiðnir, en þeir voru innheimta ríkissjóðs, dags. 18. 12. 1989, veðdeild Landsbanka Íslands, dags. 17. 11. 1989, Skúli J. Pálmason hrl. fyrir Kaupfélagið Fram, dags. 29. 1. 1990, Bjarni Ásgeirsson hdl. fyrir Ingibjörgu Magnúsdóttur, dags. 9. 2. 1990, Símon Ólason hdl. fyrir JH-Sand-sölu, dags. 1. 2. 1990, Gjaldheimtan í Hafnarfirði, dags. 6. 2. 1990, Valgarður Sigurðsson hrl. fyrir Sparisjóð Hafnarfjarðar, dags. 4. 5. 1990, Landsbanki Íslands, dags. 2. 5. 1990, Sigmundur Hannesson hrl. fyrir Kaupfélagið Fram, dags. 8. 6. 1990, Róbert Árni Hreiðarsson hdl. fyrir Kreditkort hf., dags. 19. 6. 1990, Garðar Briem hdl., dags. 26. 7. 1990, Ólafur Gústafsson hrl. fyrir Lífeyrissjóð verslunarmanna, dags. 27. 7. 1990, Skúli J. Pálmason hrl. fyrir Landsbanka v/Samvinnubanka, dags. 24. 9. 1990, og innheimta ríkissjóðs, dags. 30. 10. 1990.

Sama dag og þriðja og síðasta nauðungaruppbóð skyldi fara fram eða daginn eftir innleysti sóknaraðili til sín kröfuna skv. áður nefndum vísli frá BYKO hf. með greiðslu að uppbæð 584.765 kr. í peningum.

Á uppboðsþinginu 30. 10 1990 var bókað að ósk sóknaraðila, sem þá var enn þinglýstur eigandi eignarinnar, að hann teldi sig eiga óuppgerða kröfu á hendur varnaraðilunum Gísla Haraldssyni og Fanneyju Vilbergsdóttur, að upphæð ca. 900.000 kr., sem hann krefjast, að komi á undan aðfararveðum á hendur kaupsamningshafa vegna sölu fasteignarinnar. Varnaraðilinn Gísli Haraldsson, sem einnig var mættur á uppboðsþinginu, mótmælti kröfu sóknaraðila á þinginu og áskildi sér rétt til að kom að gögnum á síðari stigum málsins. Uppboðshaldari tók ekki afstöðu til þessa á þinginu að svo stöddu, og ekki voru lögð fram gögn af hálfu sóknaraðila varðandi kröfuna.

Hófust síðan sölutilraunir, og varð hæstbjóðandi Skúli J. Pálmason hrl. fyrir hönd Kaupfélagsins Fram, og var boðið 12.500.000 kr., auk þess sem hann krafðist útlagningar sem ófullnægður veðhafi á 9. og 11. veðrétti, ef lagaskilyrði reyndust til. Uppboðshaldari tók sér skv. beiðni uppboðsþola og með samþykki allra viðstaddra allt að 6 vikna frest til athugunar á fram komnum boðum, en 11. 12. 1990 samþykkti hann boð hæstbjóðanda með skeyti.

Hinn 19. 11. 1990 lýsti sóknaraðili kröfu í uppboðsandvirðið, að upphæð 644.049 kr., og var einnig gerð sú fjárkrafa í greinargerð, en við munnlegan málflutning lækkaði sóknaraðili kröfu sína niður í 584.768 kr.

Uppboðshaldari gaf 20.12. 1990 út frumvarp að úthlutunargerð uppboðs- andvirðis, dags. 20.12. 1990, sem gerði ráð fyrir úthlutun á eftirfarandi hátt:

1. Vátryggingafélag Íslands, brunatr-iðgjöld,
lögveðskrafa kr. 15.105,00
2. Gjaldheimtan í Hafnarfirði, fasteignagjöld,
lögveðskrafa kr. 152.754,00
3. Bæjarfógetinn í Hafnarfirði, skipulagsgjald,
lögveðskrafa kr. 25.215,00
4. Byggingarsjóður ríkisins skv. veðskuldabréfi
á 1. veðrétti, útg. 17/2 '89, upphaflega
að upphæð 1.178.000 kr. kr. 1.641.352,00
5. Byggingarsjóður ríkisins skv. veðskuldabréfi
á 1. veðrétti, útg. 15/1 '90, upphaflega
að upphæð 1.359.000 kr. kr. 1.482.561,00
6. Íslandsbanki hf. skv. veðskuldabréfi á 2.
veðrétti, útg. 15/4 '88, upphaflega að
upphæð 1.000.000 kr. kr. 2.192.338,10
7. Sparisjóður Hafnarfjarðar skv. veðskulda-
bréfi á 3. veðrétti, útg. 18/7 '88,
upphaflega að upphæð 700.000 kr. kr. 1.076.486,30
8. Bílvangur hf. skv. veðskuldabréfi á 4. veð-
rétti, útg. 14/10 '88, upphaflega að
upphæð 254.105 kr. kr. 436.084,00
9. Landsbanki Íslands skv. veðskuldabréfi á
5. veðrétti, útg. 29/11 '88, upphaflega
að upphæð 650.000 kr. kr. 1.185.884,77
10. Íslandsbanki hf. skv. veðskuldabréfi á
6. veðrétti, útg. 16/2 '89, upphaflega
að upphæð 500.000 kr. kr. 846.607,60
11. Garðar Briem hdl. skv. veðskuldabréfi á
6. veðrétti, útg. 16/2 '89, upphaflega
að upphæð 500.000 kr. kr. 861.229,00
12. Íslandsbanki hf. skv. veðskuldabréfi á 6.
veðrétti, útg. 16/2 '89, upphaflega að
upphæð 500.000 kr. kr. 772.059,04
13. Landsbanki Íslands v/Samvinnubankans

	skv. veðskuldabréfi á 7. veðrétti, útg. 5/4 '89, upphaflega að upp- hæð 600.000 kr.	kr.	704.763,30
14.	JH-Sandsala skv. fjárnámi á 8. veðrétti, dags. 15/1 '90, fyrir 14.407 kr. höfuðstóli	kr.	57.705,00
15.	Uppboðskaupandi tekur undir sjálfum sér upp í kröfu skv. fjárnámi á 9. veðrétti, dags 11/1 '90, fyrir 379.982 kr. höfuðstóli	kr.	569.039,60
16.	Ingibjörg Magnúsdóttir skv. fjárnámi á 9. veðrétti, dags. 18/1 '89, fyrir 202.309 kr. höfuðstóli	kr.	324.481,90
17.	Uppboðskaupandi tekur undir sjálfum sér upp í kröfu skv. fjárnámi á 10. veðrétti, dags. 31/1 '90, fyrir 1.120.487 kr. höfuð- stóli, en á uppboðsdegi nam krafan samtals 1.863.907,80 kr.	kr.	156.334,39
Samtals uppboðsverð		kr.	12.500.000,00

Hafnarfirði, 20. 12. 1990.

Uppboðshaldarinn í Hafnarfirði,
Ólafur Þ. Hauksson ftr.

Sóknaraðili mótmælti frumvarpinu með bréfi, dags. 3. 1. 1991, þar sem ítrekuð var krafa skv. kröfúlýsingunni um úthlutun á ógreiddu kaupverði fasteignarinnar á undan aðfararveðhöfum. Við það myndu kröfur varnaraðila Kaupfélagsins Fram skv. fjárnámum á 9. og 10. veðrétti svo og veðhafa á 9. veðrétti, Ingibjargar Magnúsdóttur, skerðast sem því nemur. Fyrir veðhafa á 9. veðrétti, Ingibjörgu Magnúsdóttur, sótti þing Bjarni Ásgeirsson hdl., en hann gætti jafnframt hagsmuna hennar í ágreiningsmáli þessu framan af, en 21. 2. 1991 lýsti hann yfir því, að ekki yrði tekið til varna af hálfu Ingibjargar.

— — —

Niðurstaða réttarins.

Hinn 29. 3. 1988 var gerður kaupsamningur milli sóknaraðila máls þessa og varnaraðilanna Gísla Haraldssonar og Fanneyjar Vilbergsdóttur um kaup og sölu fasteignarinnar Breiðvangs 64 B, Hafnarfirði. Samkvæmt greiðslutilhögun samningsins, i-lið, skyldi greiða 250.000 kr. 15. 8. 1988. Greiðslan skyldi vera í peningum og greiðast inn á reikning sóknaraðila í Útvegsbanka Íslands. Í stað þessarar greiðslu var gefinn út víxill 20. júlí 1988, sem átti að greiðast á sama gjalddaga og kaupsamningsgreiðslan, 15.

8. 1988. Samþykkjandi víxilsins var varnaraðilinn Gísli Haraldsson, en útgefandi var sóknaraðili. Sóknaraðili gaf út kvittun, þar sem sérstaklega var tilgreint, að greitt væri með víxli. Hann framseldi víxilinn til efniskaupa hjá BYKO hf. Víxillinn var ekki greiddur á gjalddaga, og var af því tilefni gefinn út annar víxill 16. 11. 1988 af sóknaraðila, að upphæð 287.065 kr., en samþykktur af varnaraðilanum Gísla, til greiðslu 16. 12. 1988. Óumdeilt er, að sá víxill fékkst ekki heldur greiddur. Lagt er til grundvallar, að sá víxill hafi verið innleystur af Ásbyrgi hf. fyrir hönd sóknaraðila hjá BYKO hf., þar sem ekkert hefur komið fram í málinu um, að þeir hafi átt önnur viðskipti en þau, sem að ofan greinir. Gegn mótmælum varnaraðila þykir ósannað, að víxillinn hafi verið innleystur á sama degi og þriðja og síðasta nauðungaruppboð fór fram, þar sem kvittanir þær, sem sóknaraðili fékk hjá BYKO hf. við innlausn víxilsins, eru dagsettar degi síðar.

Á þriðja og síðasta nauðungaruppboði fasteignarinnar Breiðvangs 64 B, Hafnarfirði, lýsti sóknaraðili yfir, að hann teldi sig eiga ógreidda kröfu á hendur varnaraðilunum Gísla og Fanneyju, og krafðist hann þess, að krafa sín fengi sæti í úthlutunarröð á eftir samningsveðhöfum, en á undan aðfararveðhöfum í réttindum kaupanda samkvæmt kaupsamningi. Máli sínu til stuðnings vísaði hann til þeirrar meginreglu, að réttur þinglesins eiganda til eftirstöðva ógreidds kaupverðs eignar, sem leitað væri fullnustu í á uppboði, gengi framar aðfararveðum í réttindum kaupanda skv. kaupsamningi, þar sem þinglesinn eigandi hafi ekki samþykkt þær. Í máli þessu er sú regla óumdeild.

Sóknaraðili hefur verulega hagsmuni af afdrifum máls þessa. Aðild hans er í samræmi við 3. mgr. 8. gr. nauðungaruppboðslaga nr. 57/1949, þar sem hann telur sig eiga réttindi í söluverðmætinu. Réttmæti þeirrar kröfu er til meðferðar í máli þessu. Telja verður aðild hans hafa komið til við innlausn kröfunnar eða degi eftir þriðja og síðasta nauðungaruppboð. Aðild hans var eigi mótmælt fyrr en við munnlegan málflutning, svo að byggt er á nýrri málsástæðu, sem mótmælt hefur verið af sóknaraðila sem of seint fram kominni. Þykir þegar af þeirri málsástæðu ekki unnt að taka hana til greina.

Rétturinn telur ekki skipta máli, hvort innlausn kröfunnar hafi átt sér stað á sama degi og uppboðið fór fram eða degi síðar, svo framarlega sem kröfunni er nægilega lýst, áður en að úthlutun er komið. Yfirlýsing sóknaraðila á sölupinginu varð ekki til þess, að hann yrði aðili málsins á því tíma-marki, heldur er litið svo á, að hann hafi með því gert viðstöddum kunnugt um, að hann áskildi sér tiltekinn rétt.

Þriðja manni, sem leitað hafi fullnustu í eigninni með aðför, mátti vera ljóst, að viðskiptum seljanda og kaupanda var enn ólokið, þar sem ekki var búið að þinglýsa afsali. Hefði hann þar af leiðandi mátt sjá fyrir kröfu

af hálfu þinglesins eiganda, svo sem raun varð á, á uppboðsþinginu 30. 10. 1990. Jafnframt má draga þær ályktanir, að sóknaraðilarnir Gísli og Fanney hafi sjálf talið viðskiptunum ólokið, þar sem ekki hefur verið sýnt fram á, að þau hafi krafist afsalsútgáfu fyrir fasteigninni.

Varðandi þá málsástæðu varnaraðila, að krafa sóknaraðila raski uppboðsgrundvellingnum eins og hann var á uppboðsdegi, er því til að svara, að ekki er óalgengt, að staða krafna breytist eftir uppboðsdag. Kröfur í veðröð geta fallið út, sökum þess að þær eru greiddar, og einnig geta komið fram til dæmis lögveðskröfur, sem hafa ekki verið kynntar á uppboðsþingum. Þykir slíkt ekki verða til þess, að viðkomandi missi rétt til úthlutunar, svo framarlega sem krafan kemur fram, áður en uppboðsmálinu er lokið með úthlutun og útgáfu uppboðsafsals.

Greiðslan, sem inna átti af hendi með peningum 15. 8. 1988, var greidd með víxli með samþykki beggja aðila. Síðari greiðsla, 15. 10. 1988, virðist hafa verið greidd. Með viðtöku víxilsins af hálfu sóknaraðila var greiðsluskyldu varnaraðilanna Gísla og Fanneyjar fullnægt. Telja verður, að viðtaka víxilsins sem greiðslu hafi verið bundin þeirri veigamiklu forsendu, að hann fengist greiddur á réttum stað og réttum tíma. Þá forsendu telur rétturinn óháða því, hverjum það hafi verið til hagsbóta, að víxillinn var gefinn út. Víxillinn fékkst ekki greiddur af hálfu varnaraðilans Gísla. Rétturinn telur innheimtutilraunir vegna víxilsins hafa verið fullreyndar, þegar sóknaraðili lýsti kröfu sinni í uppboðsandvirðið. Sóknaraðili varð að innleysa víxilinn með peningagreiðslu, 584.765 kr., til þess aðila, sem hann hafði framselt víxilinn. Með því varð hann fyrir fjárhagslegu tjóni vegna vanskila kaupanda. Að öllu þessu virtu telur rétturinn, að réttarsamband aðila á grundvelli kaupsamningsins hafi raknað við með tilheyrandi lögfylgjum. Því er hafnað, að sóknaraðili verði að byggja á afleiddum rétti BYKO hf., þar sem byggt er á lögskiptum samkvæmt kaupsamningnum. Telja verður því sóknaraðila heimilt að gera kröfu í uppboðsandvirði fasteignarinnar Breiðvangs 64 B, Hafnarfirði, á grundvelli þess, að i-liður kaupsamningsins sé ógreiddur. Er því fallist á, að kröfu hans beri sæti á eftir samningsveðhöfum, en á undan aðfararveðhöfum, nánar tiltekið í tölulið 14, það er innan úthlutunar.

Ekki er ágreiningur um tölulega hlið kröfugerðar sóknaraðila, og er hún því lögð til grundvallar óbreytt.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Uppkvæðning úrskurðar hefur dregist úr hömlu sökum embættisanna uppboðshaldara.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila er úrskurðað sæti í 14. t.l. úthlutunargerðar uppboðsandvirðis fasteignarinnar Breiðvangs 64 B, Hafnarfirði, og verður

honum úthlutað 584.765 kr. auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. nóvember 1990 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.
